



Sýningarspjald úr Humar eða frægð – Smekkleysa í 16 ár.



Weybourne (no.7) eftir Roger Ackling.

Óformleg klippi-mynd af Smekkleysu

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, tók stakka-skiptum í gærkvöldi þegar þar voru opnaðar þrjár nýjar sýningar sem eru hver annarri ólíkari, þó allar beri þær með sér alþjóðlegan blæ. SILJA BJÖRK HULDUDÓTTIR leit inn í Hafnarhúsið og tók sýningarstjórana tali.



Enginn maður skal sæta pyndingum... eftir Erró.

ÞRJÁR afar ólíkar sýningar voru opnaðar í Listasafni Reykjavíkur í gærkvöldi. Fyrst ber að nefna sýninguna Humar eða frægð – Smekkleysa í 16 ár þar sem kallaðist Sirkusdúll, sem var að mörgu leyti undanfari Smekkleysu. Kuklið hætti vorið 1986 og Sykurmolarin og Smekkleysa urðu eiginlega til sumarið 1986,“ segir Ólafur.

Sýningin Humar eða frægð – Smekkleysa í 16 ár er að sögn Ólafs Engilbertssonar, sýningarstjóra, eins konar sögusýning um Smekkleysu og starf hennar síðustu árin. Sýningarstrá sýningarinnar er afar veglegt rit þar sem fjöldi listamanna leggur til efnis og rifjar upp söguna. „Hún er kannski óformleg klippimynd eins og sýningin sjálf, þ.e. þetta er það sem fólk rámar í á löngum ferli. Það er svo langt um liðið frá stofnun Smekkleysu að stofnendur muna ekki alla hluti og við erum að reyna að raða saman brotunum fyrir hvað Smekkleysa stendur,“ segir Ólafur. Aðspurður um bakgrunn og tilurð Smekkleysu segir Ólafur að hún eigi að mestu rætur sínar að rekja til jadarstemningar, því Smekkleysa hafi upphaflega verið nokkurs konar regnhlífarsamtök jadarútgáfustarfsemi.

„Sýningin nær alveg aftur til ársins 1980–81 þegar hljómsveitirnar Tappi tikarrass og

Purrkur pillnikk voru bara að byrja, og voru ásamt Fan Houtens Kóko, sem var deild í Med-úsu, að gefa út plötur og hljóðsnældur. Þessar hljómsveitir sameinuðust síðan í Kukli 1983, en í gegnum þann hóp bræddist saman hópur sem kallaðist Sirkusdúll, sem var að mörgu leyti undanfari Smekkleysu. Kuklið hætti vorið 1986 og Sykurmolarin og Smekkleysa urðu eiginlega til sumarið 1986,“ segir Ólafur.

Aðspurður segir Ólafur að lengi hafi staðið til að raða saman þessum brotum sem mynda Smekkleysu til þess að fólkið sem stendur að Smekkleysu geti sjálft áttað sig betur á því hvað hún stendur fyrir, en auk þess hafi menn orðið varir við mikinn áhuga almennings á því að sjá og upplifa eitthvað sem tengist útgáfu Smekkleysu og starfsemi hennar almenn. „Það er náttúrulega gaman að safna þessu öllu saman og búa til einhverja mynd úr því. Að mörgu leyti verður þetta miklu skrautlegri mynd þegar allt er samankomið heldur en þegarðeins eitt ár er skoðað í einu,“ bætir Ólafur við, en að hans mati hefur starfsemi Smekkleysu breyst merkilega lítið öll þessi ár. „Fyrstu árin var reyndar miklu meiri bókaútgáfa sem að einhverju leyti er að taka við sér aftur og hver veit nema þessi sýning blási nýju lífi í starfsemi. Með hátíðinni Orðið tónlist sem haldin var í Íslensku óperunni haustið 2000 urðu viss kaflaskil. Þá létum við gamla draum um að láta orð og tóna kallast á rættast. Ef til vill má segja að það hafi verið byrjunin á því sem við erum að gera núna, að taka saman í stóru samhengi eitthvað sem höfum verið að velta fyrir okkur mjög lengi.“

Að mati Ólafs hefur Smekkleysa haft mikil áhrif á menningarlífið, sérstaklega þó á tónlistarmennina sem hafa verið að móta sinn eigin stíl og reyna að koma sér á framfæri. „Smek-

kleysa hefur haft þau áhrif á þá listamenn sem eru innanborðs, að þeir eru meðvitaðri um mikilvægi þess að gera hlutina á eigin forsendum og láta ekki vaða yfir sig í listrænu tilliti,“ segir Ólafur og bætir við: „Enda hafa margir einmitt náð langt á því að vera í tónlistinni á eigin forsendum, eins og t.d. Sigur Rós og Björk.“

Samkvæmt Ólafi er sýningin liður í því að gera hluta af íslenskrri menningu aðgengilegri fyrir almenning. Yfirskrift sýningarinnar er söttur í lagið Regína með Sykurmolonum. „Þetta er svona máttulega út í hött til þess að fanga einhverja tilfinningu sem Smekkleysa stendur fyrir. Það má náttúrulega túlka þetta á ýmsa vegu,“ segir Ólafur kíminn og ætlar að láta það sýningargestum eftir.

Sögumíðunin sér um alla hönnun sýningarinnar, en Ágúst Ævar Gunnarsson hannar sýningarstrána. Flestar ljósmyndirnar á sýningunni og í skránni eru teknar af Björgu Sveinsdóttur ljósmyndara. Á sýningunni kennir margra grasa og má þar t.d. nefna ýmsa persónulega muni á borð við kjóla sem annars vegar Björk og hins vegar Bogomil Font hafa klæðst á tónleikum, gítar Jónsa í Sigur Rós og trompett Einars Arnar. Sýningin stendur til 31. ágúst og allt sýningartímabilið verða sýnd myndbönd í fjölnotasal Hafnarhússins sem tengjast Smekkleysu og þeirra liðsmönnum á einn eða annan hátt. Meðal efnis má nefna heimildarmyndir og tónlistarþætti um Björk auk tónlistarmyndbanda hennar. En einnig verða sýndir heimildarþættir um Smekkleysu, Sykurmolana, Bogomil Font og bíomýndirnar Rokk í Reykjavík og Ham lifandi dauðir. Þess ber að geta að sýningin er m.a.styrkt af Menningarborgarsjóði, iðnaðar-, menntamála- og utanríkisráðuneytunum.

Alþjóðleg samtímalist

Á sýningunni Innsýn í alþjóðlega samtímalist á Íslandi velur Ingólfur Arnarsson, prófessor við Listaháskólann, verk eftir erlenda listamenn til þess að veita nokkra innsýn í hvað er til hérlandis af erlendri list. Listaverkin sem fengin eru að láni eru að mestu í eigu Listasafns Reykjavíkur, Listasafns Íslands, Nýlistasafnsins og komin frá einkasöfnunum á borð við Pétur Arason og Rögnu Róbertsdóttur, Helga Þorgils Friðjónsson og Ingólfur Arnarsson. „Valið á verkunum stjórnast af nokkrum forsendum, en ræðst ekki af einni hreinræktaðri heildarhugmynd. Ég tók mið af því sem er til, hvað hægt var að fá lánað, auk þess sem mig langaði að gefa yfirlit yfir list síðustu áratuga, yfirlit yfir einhver þeirra verka sem eru í samræðum við íslenskar menningaraðstæður og velja út frá mínum eigin forsendum hvað mér finnst falla vel saman. Þannig má segja að þetta séu svona nokkrir pólar sem koma saman,“ segir Ingólfur Arnarsson sýningarstjóri í samtali við Morgunblaðið.

Aðspurður um gildi þess að sýna alþjóðlega list hér á landi leggur Ingólfur áherslu á opið eðli listarinnar og mikilvægi þess að einkorða sig ekki bara við íslenska list. „Við hljótum auðvitað að huga að góðri myndlist hvaðan sem hún kemur. Auk þess er mikilvægt að sjá íslenska myndlist í tengslum við erlenda,“ segir Ingólfur og bendir sýningargestum á að skoða þessa sýningu í samhengi við aðrar sýningar sem eru í gangi í borginni í sumar.

Tvívæðnin í verkum Errós

Erró – Stríð er ný þemasýning úr Erró-safneigninni, en Listasafn Reykjavíkur skiptir árlega um sýningu á verkum Errós. „Núna ákváðum við að beina sjónum okkar að pólitískri list Errós. Verkin eru öll í okkar eigu, utan eitt sem er í eigu Listasafns Íslands,“ segir Þorbjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri safna- og sýningardeildar Listasafns Reykjavíkur, sem velur verkin á sýninguna.

Verkin eru frá ýmsum tímum og spanna tæpa hálfa öld, því elsta verkið er frá 1946 og það yngsta frá 1992. „Pólitísk og samfélagsleg mál-efni hafa alltaf verið mikilvægur þáttur í list Errós. Heimsstyrjöldin síðari, Vietnamstríðið, alþjóðleg stjórnmál og stjórnmálamenn á ýmsum tímum, allt eru þetta víðfangsefni sem listamaðurinn setur fram á margræðan hátt. Hann er þó alls ekki að einblína á einstök stríð eða atburði. Í verkum hans er mannúðlega afstaðan hins vegar afar skýr,“ segir Þorbjörg.

Að mati Þorbjargar er mikilvægt fyrir áhorfendur að vera sér alltaf meðvitaðir um tvívæðina sem einkenna verk Errós. „Hann notar alltaf myndir annarra, myndir sem þegar hafa verið gerðar og býr til úr þeim klippimyndir sem hann málar svo eftir. Í verkinu Ísrael notast Erró við skopmyndir úr sovéská tímaritinu Krókóðill, þannig að við erum í raun að skoða hlutina í gegnum sovéskt sjónarhorn, en inntak verkanna er alltaf einhvers konar ofbeldi sem sýnt er í skoplegu ljósi. Kannski er Erró með myndum sem þessum að brýna fyrir áhorfendum að taka öllum myndum með fyrirvara. Hann vekur spurningar um hvernig hægt er að horfa á hlutina frá mörgum sjónarhornum og að allar myndir séu margræðar, gerðar af einstaklingum, og í þeim birtist alltaf einhver afstaða eða skoðanir og ef þær eru teknar úr viðurkenndu samhengi og settar í annað þá hefur eitthvað nýtt orðið til. Í þessum verkum kemur fram skýr afstaða listamannsins gegn glæpum gagnvart mannkyni, því sjónarhorn hans er fyrst og fremst mannúðlegt, afstaða með mannum sjálfum, hvar og hvenær sem er,“ segir Þorbjörg.

silja@mbl.is